

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 1. apríl 2025.

Mál nr. E-4752/2024:

Verkís hf.

(*Davíð Blöndal Þorgeirsson lögmaður*)

gegn

R68 ehf.

(*Árni Þórólfur Árnason lögmaður*)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 25. mars 2025, var höfðað 29. júní 2024 af Verkís hf., Ofanleiti 2, Reykjavík, gegn R68 ehf., Suðurlandsbraut 6, Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess að stefndi greiði sér 5.752.980 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. apríl 2023 til greiðsludags. Krafist er málskostnaðar.
- Stefndi krefst þess aðallega að vera sýknaður af öllum kröfum stefnanda en til vara sýknu að svo stöddu og til þrautavara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Helstu málsatvik

- Stefnandi er verkfræðistofa sem mun veita ráðgjöf og alhliða þjónustu á öllum sviðum verkfræðinnar og skyldum greinum eftir því sem segir í stefnu. Krafa stefnanda er reist á reikningi sem gefinn var út 20. apríl 2023 og felur samkvæmt efni sínu í sér uppgjör verkfræðiþjónustu sem auðkennd er Rökkvatjörn 6–8 í Reykjavík og leyst hafi verið af hendi vegna verkefnis við svonefnd CTL-einingahús við tilgreinda götu í Úlfarsárdal í Reykjavík. Samkvæmt fylgiskjali með reikningnum er um að ræða tímavinnu sem ætla má að 20 starfsmenn stefnanda hafi innt af hendi á tímabilinu 1. október 2021 til 2. desember 2022 með hliðsjón af upphafsstöfum sem auðkenna hverja færslu miðað við framburð fyrrverandi starfsmanns stefnanda sem gaf skýrslu fyrir dómi. Samtals er tíma-

fjöldi samkvæmt yfirlitinu 640,5 klukkustundir og krafist greiðslu vegna þeirra að fjárhæð 4.056.350 krónur. Fram kemur að fjárhæðin sé að frádregnum afslætti að fjárhæð 8.458.250 krónur. Þess skal getið að í yfirlitinu er ein færsla sem auðkennd er T.ark ehf. – Rökkvatjörn 6–8 að fjárhæð 500.000 krónur undir fyrirsögninni Burðarþol. Fyrirnefndur fyrirverandi starfsmaður stefnanda sem kom fyrir dóm gat ekki skýrt þessa færslu í yfirlitinu í framburði sínum fyrir dómi þrátt fyrir að aðrar færslur undir þessum lið væru auðkenndar upphafsstöfum hans. Í yfirlitinu var einnig skilgreindur útlagður kostnaður sem grundvöllur kröfu stefnanda. Þar á meðal er ein færsla að fjárhæð 500.000 krónur sem ekki var skýrð á annan hátt en sem *útlagður kostnaður m. vsk.* Heildarkrafa vegna útlagðs kostnaðar nam samtals 583.150 krónum. Þessar fjárhæðir, 4.056.350 krónur og 583.150 krónur, mynda ásamt tilgreindri fjárhæð virðisaukaskatts, 1.113.480 krónum, reikningsfjárhæðina 5.752.980 krónur sem endurspeglar dómkröfu stefnanda.

5. Fyrir liggur í málinu ráðgjafarsamningur milli aðila sem samkvæmt efni sínu er ritaður á samningsform sem útgefið er af Staðlaráði sem viðauki við staðal ÍST-35:2018. Samningurinn er dagsettur 3. febrúar 2021. Tilefni samningsgerðarinnar er lýst þannig í samningnum að verkið feli í sér verkfræðihönnun á íbúðarhúsnæði úr CTL-einingum við Rökkvatjörn 6–8. Stefnandi myndi sjá um alla hönnun húsnæðis, það er jarðvinnu, burðarþol, raflagnir, lagnir og loftræsing, hljóðvist og brunahönnun. Þá myndi stefnandi einnig ráða til verksins arkitektastofu í samráði við verkkaupa. Til þess var vísað að um samninginn myndu gilda ákvæði staðalsins ÍST 35:2018 um hönnun og ráðgjöf og var gerð nokkuð ítarleg grein fyrir hlutverki stefnanda. Í 7. kafla samningsins, sem bar yfirskriftina *þóknun*, var hakað við að um fasta þóknun væri að ræða og hún skilgreind sem 22.000.000 króna.
6. Fyrir liggur skjal sem ber með sér að vera útskrift úr bókhaldi stefnda þar sem bókhaldslykill er auðkenndur stefnanda og tilgreint að greiðslur á tímabilinu 28. febrúar 2021 til 20. desember sama ár hafi numið 27.281.959 krónum en af reikningum sem lagðir eru fram og endurspeglu færslur á þessu yfirliti má ráða að tilgreind fjárhæð sé að meðtöldum virðisaukaskatti, ef undan er skilinn innheimtukostnaður að fjárhæð 1.959 krónur.
7. Greiðslurnar sem eru tilgreindar í yfirlitinu eru níu talsins. 1) Færsla auðkennd reikningi sem dagsettur er 20. september 2021 að fjárhæð 1.500.000 krónur en 1.860.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Lýsing á tilefni reiknings er *Innborgun á samning verkfræðipjónusta*. 2) Færsla auðkennd reikningi sem dagsettur er 30. júní 2021 að fjár-

hæð 4.300.000 krónur en 5.332.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Lýsing á tilefni reiknings er *Innborgun á samning verkfræðipjónusta*. 3) Færsla auðkennd reikningi sem dagsettur er 28. febrúar 2021 að fjárhæð 3.000.000 krónur en 3.720.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Lýsing á tilefni reiknings er *Innborgun á samning verkfræðipjónusta*. 4) Færsla auðkennd reikningi sem dagsettur er 20. október 2021 að fjárhæð 870.000 krónur en 1.078.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Lýsing á tilefni reiknings er *Innborgun á samning verkfræðipjónusta*. 5) Færsla auðkennd reikningi sem dagsettur er 31. október 2021 að fjárhæð 1.130.000 krónur en 1.401.200 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Lýsing á tilefni reiknings er *Innborgun á samning verkfræðipjónusta*. 6) Færsla auðkennd reikningi sem dagsettur er 31. október 2021 að fjárhæð 1.500.000 krónur en 1.860.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Lýsing á tilefni reiknings er *Innborgun inn á aukaverk verkfræðipjónusta*. 7)) Færsla auðkennd reikningi sem dagsettur er 31. mars 2021 að fjárhæð 4.588.000 krónur en 3.700.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Lýsing á tilefni reiknings er *Innborgun á samning verkfræðipjónusta*. 8) Færsla auðkennd reikningi sem dagsettur er 30. apríl 2021 að fjárhæð 4.000.000 krónur en 4.960.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Lýsing á tilefni reiknings er *Innborgun á samning verkfræðipjónusta*. 9) Færsla auðkennd reikningi sem dagsettur er 31. maí 2021 að fjárhæð 2.000.000 krónur en 2.480.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Lýsing á tilefni reiknings er *Innborgun á samning verkfræðipjónusta*.

8. Samtals nemur fjárhæð framangreindra reikninga 22.000.0000 króna en 27.280.000 krónum að virðisaukaskatti meðtöldum.
9. Fyrir liggur einn reikningur til viðbótar í málinu sem dagsettur er 30. nóvember 2021 en er ekki á færsluyfirliti stefnda, dagsettur 30. nóvember 2021, að fjárhæð 4.292.435 krónur en 5.322.619 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Lýsing á tilefni reiknings er *Tímar utan sammings kr. 4.292.435 verkfræðipjónusta*. Þessi reikningur kemur ekki fram á yfirliti stefnda en getur að líta á yfirliti úr bókahaldi stefnanda yfir útgefna reikninga en engin gögn liggja fyrir um að hann hafi verið greiddur.
10. Í málinu liggja síðan fyrir tveir kreditreikningar sem báðir eru dagsettir 28. febrúar 2023, sama dag og reikningur sá sem liggur fjárkröfu stefnanda til grundvallar var gefinn út. Annar þeirra lýtur að þessum síðasttalda reikningi og hinn að reikningi sem dagsettur er 31. október 2021, að fjárhæð 1.500.000 krónur en 1.860.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, með þeirri lýsingu að um innborgun inn á aukaverk sé að ræða. Sá reikningur

liggur fyrir á fyrnefndum bókhaldsyfirlitum bæði frá stefnanda og stefnda og var greiddur 22. nóvember 2021 samkvæmt yfirliti stefnda.

11. Engin skrifleg samskipti liggja fyrir um framangreinda reikningsgerð né bakfærslu reikninga og útgáfu þess reiknings sem liggur málsókn stefnanda til grundvallar.
12. Starfsmaður stefnanda sem kom fyrir dóm bar um að þær vendingar sem birtast í efnisgrein nr. 10 hér að framan með útgáfu tveggja kreditreikninga og útgáfu á þeim reikningi sem liggur kröfu stefnanda til grundvallar hefðu byggst á niðurstöðu uppgjörsfundar sem hann hefði setið með forsvarsmanni stefnda til þess að afmarka uppgjör vegna þess sem hann nefndi þjónustu á verktíma sem hefði fylgt í kjölfar þeirrar vinnu sem falist hefði í samningi aðila og hefði lokið þegar búíð hefði verið að skila hönnunargögnum til byggingarfulltrúa og því unnt að hefja framkvæmdir. Um hefði verið að ræða vinnu á verktíma sem hefði meðal annars falist í að útbúa nánari gögn og veita upplýsingar verktökum sem voru að vinna að verkinu á vegum stefnda auk útsetninga á verkstað og yfirferðar yfir öll gögn framleiðanda húseininganna. Hann kvaðst ekki hafa komið að hljóðhönnun í húsunum, sem gæta þyrfti vel að í húsum af þessu tagi, en hafa heyrt af álitafnum er lutu að þessu og talið að þar hefði ekki verið um galla að ræða eftir því sem hann vissi best heldur fremur að um misskilning hefði verið að ræða. Reifaðir hefðu verið möguleikar á hönnun í þessum efnum fyrir forsvarsmanni stefnda sem hefði valið ódýrari leið en stefnandi hefði lagt til og það orðið niðurstaðan en þó með þeim fyrirvara að þegar búíð væri að reisa húsið myndi hljóðhönnunin verða könnuð sérstaklega og brugðist við ef nauðsyn krefði, sem hefði verið í þessu tilliti.
13. Hann hefði ekki komið sjálfur að upphaflegri samningsgerð og komið fyrst að vinnu við þetta verkefni þegar það var komið langt á veg. Síðan hefðu óinnheimtar vinnustundir safnast upp vegna mannbreytinga í bókhaldsdeild stefnanda. Til þess að bregðast við þeirri stöðu hefði verið efnt til þessa uppgjörsfundar sem hefði leitt til þeirrar niðurstöðu að eldri reikningar vegna aukaverka hefðu verið bakfærðir og gefinn út nýr reikningur í þeirra stað eftir að veittur hafði verið ríflegur afsláttur. Aðspurður taldi hann víst að verkefnisstjóri stefnanda hefði haldið verkfundargerðir og sjálfur hefði hann sent tölvupóst til stefnda í kjölfar uppgjörsfundarins um efni hans og samkomulaginu til staðfestingar. Engin skrifleg gögn liggja fyrir í málinu er lúta að samskiptum aðila um uppgjör þeirra á milli önnur en hefðbundin innheimtubréf innheimtufyrirtækis. Ekkert liggur fyrir um að stefndi hafi brugðist skriflega við þeim innheimtuaðgerðum fyrr en

greinargerð var lögð fram eftir að mál þetta var höfðað þar sem málatilbúnaði stefnanda um aðdraganda þessarar innheimtu var mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

14. Fyrir dóm kom sem vitni Baldur Þór Halldórsson, fyrrum starfsmaður stefnanda, ekki voru gefnar aðilaskýrslur af hálfu aðila.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

15. Um greiðsluskyldu stefnda er vísað til fyrrgreinds reiknings og vísað til almennra meginreglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og réttar efndir fjárskuldbindinga sem fáí stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og nr. 50/2000 um lausafjárkaup.
16. Af hálfu stefnanda var byggt á því við málflutning að komist hefði verið að niðurstöðu milli aðila um að stefndi skuldaði stefnanda vegna uppgjörs verksins þá fjárhæð sem umkrafinn reikningur endurspeglaði. Sú vinna hefði verið unnin að frumkvæði og að beiðni stefnda sem verkkaupa. Um vinnu hefði verið að ræða sem innt hefði verið af hendi eftir að búið var að ljúka verkefninu sem um hafði verið samið samkvæmt skriflegum samningi aðila. Sú vinna hefði verið innt af hendi á árinu 2022 en síðasti reikningurinn sem gefinn var út í samræmi við samning aðila hefði verið gefinn út 20. desember 2021.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

17. Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi ekki sýnt fram á greiðsluskyldu stefnda og honum hafi ekki borist fullnægjandi lýsing á því hvað hefði falist í þeirri vinnu sem stefnukrafa málsins byggist á. Ljóst sé að aðilar höfðu þegar samið um heildarþóknun fyrir verk stefnanda að fjárhæð 22.000.000 krónur án virðisaukaskatts sem stefndi hafði þegar greitt að fullu eins og sé óumdeilt. Á því sé byggt að aðilar hafi talið það endurgjald sanngjarnt og eðlilegt við samningsgerðina og það sé þannig andstætt meginreglum samningaréttar, svo sem reglum um skuldbindingargildi samninga, að stefnandi krefjist þess einhliða að umrædd þóknun verði hækkuð.
18. Stefndi telji að umrædd verk falli í öllum tilvikum undir þá ráðgjöf sem tiltekin sé í samningi aðila og komi því ekki til viðbótar við þá vinnu sem útlistuð er í samningnum, ekki sé um auka- eða viðbótarverk að ræða. Það sé stefnanda að færa sönnur á hið gagnstæða.
19. Telji dómurinn þrátt fyrir framangreint að um viðbótar- eða aukaverk hafi verið að ræða bendi stefndi á að hann hafi aldrei formlega óskað eftir slíkum verkum og því hafi slíkt

samkomulag ekki komist á. Sönnunarbyrði um slíkt hvíli á stefnanda í samræmi við meginreglur verktakaréttar þar um, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar nr. 314/1997, þar sem kaupanda var ekki gert að greiða fyrir aukaverk þar sem ósannað var að hann hefði samþykkt aukaverkið berum orðum.

20. Að mati stefnda verði að gera ríkar kröfur til stefnanda um sönnun þess hvaða vinna liggi stefnukröfu málsins til grundvallar en lítt skýrðar tímaskýrslur teljist tæplega fullnægjandi í því samhengi, ekki síst þegar engin frekari rök eða afrakstur meintrar vinnu liggi fyrir í málinu. Vinna sú sem krafist sé greiðslu fyrir hafi fallið undir samning aðila sem hafi verið sá heildarvinnusamningur sem aðilar sömdu um. Þá er byggt á því að starfsmaður stefnanda hafi staðfest það fyrir dómi að vinnan við verkið hefði ekki verið umfangsmeiri en við mátti búast. Í því ljósi séu engar forsendur til að ætla að stefnandi geti aukið svo mjög við kröfugerð sína sem raunin virðist vera. Í þessu sambandi sé áréttað að stefnandi hafi engin gögn lagt fram máli sínu til sönnunar þrátt fyrir að mála-tilbúnaður stefnda í greinargerð hefði gefið fullt tilefni til þess. Stefnandi beri ótvírætt sönnunarbyrði staðhæfinga sinna.
21. Því var mótmælt við málflutning af hálfu stefnda sem röngu og of seint fram komnu að haldinn hefði verið sérstakur uppgjörsfundur þar sem komist hefði verið að þeirri niðurstöðu að gefinn yrði út reikningur eins og sá sem krafa stefnanda byggist á. Slíkur lokafundur hafi aldrei verið haldinn og því sé sérstaklega mótmælt að stefndi hafi beðið um þá vinnu sem hér sé rúkað fyrir.
22. Þá telji stefndi sig eiga gagnkröfu til skuldajöfnuðar á hendur stefnanda, sbr. 28. gr. laga um meðferð einkamála, þar sem vinna stefnanda hafi verið haldin tilteknum hönnunargöllum sem hafi valdið stefnda tjóni. Til þess sé vísað í fyrsta lagi að stefnanda hafi láðst að gera ráð fyrir hljóðdeyfifrófílum í stórum hluta fjölbýlishússins að Rökkvatjörn 6–8 og það hafi leitt til verulegs tjóns. Stefndi hafi neyðst til að taka niður öll loft á 3. hæð hússins og koma þar fyrir umræddum hljóðdeyfifrófílum og leggja gifs á loftin á ný. Í öðru lagi hafi stefndi orðið fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni þar sem festingar á skilum steypu og CLT-timbureininga hafi verið rangt hannaðar af stefnanda þannig að stefndi hafi þurft að láta sérhanna og -smíða þær með tilheyrandi kostnaði. Stefnandi beri ábyrgð á þessum hönnunargöllum sem verktaki verksins, sbr. 7. kafla skilmála samnings aðila og meginreglur verktakaréttar þar að lútandi, sbr. einnig 2. kafla samningskilmálanna. Stefndi áskilji sér rétt til að leggja fram gögn um nákvæmt fjártjón sitt eða eftir atvikum að fá dómkvaddan matsmann til að meta þetta tjón. Í þriðja lagi byggist gagnkrafa stefnda

á því að stefnandi beri sjálfur ábyrgð á því að stefndi hafi orðið fyrir kostnaði vegna reiknings frá T.ark arkitektum að fjárhæð rúmlega fjórar milljónir. Stefndi telji sig eiga endurgreiðslukröfu vegna nefnds reiknings, sbr. 2. kafla samnings aðila þar sem kveðið sé á um að þjónusta arkitekta falli undir þá þætti ráðgjafar sem stefndi beri ábyrgð á, sbr. grein 5.2.1 í skilmálunum. Stefndi hafi borið ábyrgð á þeirri þjónustu sem hann hafi óskað eftir frá undirráðgjafa til verksins. Slíkur kostnaður sé stefnda með öllu óviðkomandi enda hafi hann aldrei samþykkt kostnaðinn og greitt umþrættan reikning ranglega.

23. Á framangreindum grunni telji stefndi einsýnt að kröfur hans til skuldajöfnuðar séu í það minnsta jafnháar og krafa stefnanda og krefjist hann því sýknu, sbr. 28. gr. laga um meðferð einkamála.
24. Telji dómurinn allt að einu greiðsluskyldu vera fyrir hendi vegna samnings um auka- eða viðbótarverk byggi stefndi enn fremur á 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga þar sem það væri ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að stefnandi bæri umrædda samninga fyrir sig vegna ákvæða ráðgjafarsamningsins.
25. Til vara geri stefndi þá kröfu að hann verði sýknaður af dómkröfu stefnanda að svo stöddu, sbr. 2. mgr. 26. gr. laga um meðferð einkamála, enda ekki komið að þeirri stundu að stefndi verði krafinn um greiðslu umþrættrar kröfu þar sem stefnandi hafi ekki lagt fram fullnægjandi gögn til stuðnings kröfu sinni þannig að stefnda hafi reynst ótækt að staðreyna kröfu stefnanda. Stefndi byggi að öðru leyti varakröfu sína á sömu máls- ástæðum og aðalkröfuna.
26. Verði hvorki fallist á aðal- né varakröfu stefnda er þess krafist að dómkrafa stefnanda verði lækkuð verulega í samræmi við þá vinnu sem raunverulega hafi verið innt af hendi með tilliti til tilefnis vinnunnar, framgangs, umfangs og afraksturs enda liggi fyrir ófull- nægjandi upplýsingar um þau atriði í gögnum málsins. Verði slíkar upplýsingar lagðar fram áskilji stefndi sér rétt til að láta dómkvaddan matsmann leggja mat á ætlaða vinnu stefnanda. Stefndi telji fjárkröfu stefnanda allt of háa með hliðsjón af umfangi verksins sem og þeim verksamningi sem gildi um það meðal annars með hliðsjón af þeirri fjárhæð sem stefndi hefur innt af hendi. Byggt er á framangreindum sjónarmiðum til stuðnings þessari kröfu.

Niðurstaða

27. Í máli þessu deila aðilar um réttmæti innheimtu stefnanda á reikningi sem stefnandi gaf út í tengslum við vinnu í þágu stefnda við byggingu fjölbýlishúss sem stefndi stóð fyrir.

28. Óumdeilt er að til grundvallar samnings sambandi aðila lá skriflegur ráðgjafarsamningur þar sem samið var um fasta þóknun fyrir vinnu stefnanda að fjárhæð 22.000.000 milljónir króna. Fyrir liggur einnig óumdeilt að stefndi hefur greitt þá þóknun.
29. Krafa stefnanda lýtur að reikningi sem samkvæmt stefnu málsins var gefin út vegna verkfræðiþjónustu og vinnuframlags til handa stefnda við nefndar byggingarframkvæmdir. Því var fyrst hreyft við málflutning að reikningurinn væri afurð samnings aðila sem hefði náðst í kjölfar sérstaks uppgjörfundar vegna vinnuframlagsins sem hefði falist í að tveir reikningar hefðu verið bakfærðir og hinn umþrætti reikningur gefinn út í þeirra stað. Málaltilbúnaði um slíkt sérstakt uppgjörssamkomulag var mótmælt af stefnda sem röngum og of seint fram komnum.
30. Í ljósi mótmæla stefnda verður ekki lagt til grundvallar niðurstöðu í málinu að aðilar hafi sammælt um sérstakt uppgjör vegna vinnuframlags stefnanda umfram ráðgjafarsamning aðila, sbr. 2. málslíð 5. mgr. 101. gr. laga um meðferð einkamála.
31. Málaltilbúnaður stefnanda er á hinn bóginn ekki einskorðaður við að slíkt samkomulag hafi náðst heldur byggir hann á því að hann eigi réttmæta kröfu til greiðslu fyrir vinnuframlag sem innt hafi verið af hendi og hafi verið umfram hið umsamda verkefni. Byggt er bæði á eðli vinnunnar sem leyst var af hendi en einnig vísað til þess að sú vinna sem hafi verið innt af hendi og krafist er greiðslu á hafi farið fram eftir að síðasti reikningurinn hafði verið gefinn út í samræmi við samning aðila þannig að samningsfjárhæðinni hefði verið náð 20. desember 2021.
32. Stefnandi ber sönnunarbyrði þess að krafa hans eigi við rök að styðjast og hann eigi lögvarða heimtu á greiðslu hennar. Við mat á því hvort stefnandi hafi risið undir sönnunarbyrði sinni fyrir greiðsluskyldu stefnda er fyrst til þess að líta að samkvæmt skriflegum samningi aðila var samið um eina fasta fjárhæð án nokkurra fyrirvara um breytingar þar á og án umfjöllunar um að einhver tiltekin verkefni féllu utan samningsins. Þvert á móti kemur fram í lokamálslið greinar 4.1 í ÍST 35:2018, sem gildir um samning aðila samkvæmt 1. gr. samningsins, að verði umtalsverðar breytingar eða viðbætur skuli gera skriflegan viðauka við samning aðila. Að auki kemur fram í grein 10.2.1 í staðlinum að unnt sé að ákveða í samningi fasta upphæð þóknunar eins og gert var í þessu tilviki. Í því sambandi segir að því aðeins verði krafist breytinga á þóknunarupphæð sem þannig sé ákveðin að til komi breyttar forsendur samkvæmt grein 10.1 í staðlinum. Engum slíkum forsendum er til að dreifa í málinu. Í þessu sambandi verður ekki heldur fram hjá því litið að stefnandi er sérhæft ráðgjafarfyrirtæki sem hefur atvinnu af því að veita

ráðgjöf af því tagi sem hér um ræðir. Verður í þessu ljósi ekki á það fallist að krafa sú sem stefnandi hefur uppi í málinu verði felld undir samningssamband aðila sem hluti af vinnu stefnanda í samræmi við ráðgjafarsamning þeirra.

33. Að mati dómsins eru í sjálfu sér ekki forsendur til að draga í efa að stefnandi hafi innt af hendi verk sem hafi verið umfram ráðgjafarsamning aðila og þannig verið aukaverk með tilliti til þess samnings. Stefnandi ber á hinn bóginn sönnunarbyrði fyrir staðhæfingum sínum í þessa veru í ljósi meginreglna réttarfars, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Því verður að horfa til þess að stefnandi hefur engin gögn lagt fram um samskipti aðila er lúta að vinnu sem þessari, hvorki samkomulag né skriflegar staðfestingar, eða í raun gert þannig grein fyrir þeim verkum sem unnin hafi verið að því verði slegið föstu að þessi vinna hafi verið innt af hendi. Gegn mótmælum stefnda verður það því talið ósannað. Í þessu sambandi er einnig til röksemda stefnda að líta sem mótmælti því að stefnandi kæmi nýrri málsástæðu að um að krafa stefnanda lyti að aukaverkum. Slíkri málsástæðu var ekki hreyft í stefnu málsins og verður því þar með slegið föstu að málsástæðan sé jafnframt of seint fram komin og komist ekki að í málinu, sbr. 2. málslíð 5. mgr. 101. gr. laga um meðferð einkamála
34. Þá verður loks að horfa til þess að ekki nægir að stefnandi hafi unnið verkið hafi sú verið raunin þar sem því hefur verið slegið föstu af dómstólum að forsenda þess að krefja verkkaupa um greiðslu fyrir vinnu sem þessa sé að hún hafi verið unnin í hans þágu og með hans samþykki eða einhvers sem sé bær til að koma fram fyrir hans hönd, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar í málum nr. 509/2014 frá 26. febrúar 2015, nr. 314/1997 frá 2. apríl 1998 og nr. 237/1993 frá 30. mars 1995. Ósannað er með öllu að stefndi hafi samþykkt að vinna sem þessi væri innt af hendi eða falast eftir því.
35. Þar sem réttmæti kröfu stefnanda er ósannað, eins og að framan er rakið, er óhjákvæmilegt að sýkna stefnda af fjárkröfu hans. Rétt þykir á hinn bóginn, eins og hér horfir við, að hvor málsaðila beri sinn kostnað af málinu, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála enda brást stefndi meðal annars ekki við ítrekuðum innheimtutilraunum stefnanda áður en til málsóknar kom.

Davíð Blöndal Þorgeirsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Árni Þórólfur Árnason lögmaður fyrir stefnda.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, R68 ehf., er sýkn af kröfu stefnanda, Verkís hf. Málskostnaður fellur niður.

Björn L. Bergsson